



Fundargerð

Fundur í mennta- og menningarmálanefnd Reykshólahrepps
þriðjudaginn 7. apríl 2015 kl. 13.

Fundarstaður: Stjórnsýsluhúsið, Maríutróð 5a, Reykhólum.

Mættir: Vilberg Þráinsson, Guðrún Guðmundsdóttir og Ágúst Már Gröndal. Einnig sátu fundinn Ásta Sjöfn Kristjánsdóttir skólastjóri, Svanborg Guðbjörnsdóttir fyrir hönd kennara grunnskólasviðs, Ingibjörg Smáradóttir fyrir hönd foreldrafélags Reykhólaskóla og Ingibjörg B. Erlingsdóttir sveitarstjóri sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin er rituð á tölvu og er tvær blaðsíður.

Vilberg bauð fólk velkomið og spurði eftir öðrum málum á dagskrá, engin mál bárust, þá var gengið til dagskrár.

Dagskrá:

Mál til afgreiðslu:

1. 1501015 – Fundargerð mennta- og menningarmálanefndar 5. febrúar 2015.

Farið yfir fundargerðina.

1.1 1502004 – Verklagsreglur leikskóladeildar Reykhólaskóla.

Nefndin hefur farið yfir breytingar sem gerðar hafa verið á verklagsreglum og samþykkir þær samhljóða.

Fundargerðin samþykkt samhljóða.

2. 1504002 – Kennslustundir skólaárið 2015-2016.

Erindi frá skólastjóra Reykhólaskóla, dagsett 31. mars 2015.

Nefndin samþykkir allt að 160 kennslustundir í kennslu skólaárið 2015-2016. Samþykkt samhljóða.

3. 1504003 – Skóladagatal og stytting á skólaári.

Erindi frá skólastjóra Reykhólaskóla dagsett 31. mars 2015.

Nefndin samþykkir skóladagatal 2015-2016 með fyrirvara um samþykki skólaráðs. Samþykkt samhljóða.

4. 1504004 – Ósk um kennsluafslátt fyrir skólastjóra.

Erindi frá skólastjóra Reykhólaskóla, dagsett 31. mars 2015.

ÁMG lagði fram tillögu um 50% kennsluafslátt fyrir skólastjóra eins og á liðandi skólaári. Tillagan samþykkt samhljóða.

Mál til kynningar:

5. 1502011 – Mánaðarskýrsla skólastjóra.

Skólastjóri lagði fram og fór yfir skýrslu.

Önnur mál (ef einhver):

Fundargerð lesin, fundi slitið kl. 14.

_____	_____
_____	_____
_____	_____